

SAMFÉLAGSSTEFNA



KVÍKA

INNGANGUR

Gildi okkar er langtímahugsun og stefna okkar er að hafa jákvæð langtímaáhrif á samfélagið. Í því felst að þegar við tökum ákvarðanir er ávallt tekið tillit til hvaða áhrif ákvarðanir okkar hafa til lengri tíma lítið, hvort sem um er að ræða innri málefni bankans, málefni viðskiptavina eða málefni samfélagsins.

Samfélagsstefna þessi tryggir sameiginlega sýn okkar á áherslur bankans í samfélagsmálum, hvert við stefnum og hverjar skyldur okkar og skuldbindingar eru.

Stefna þessi skal endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti.

FJÁRFESTINGAR OG VIÐSKIPTAHÆTTIR

Langtímahugsun er mikilvæg þar sem traust viðskiptasambönd verða til á löngum tíma. Langtímahugsun stuðlar jafnframt að jákvæðum áhrifum á samfélagið og styður markvisst við sjálfbærni. Við leggjum áherslu á að tryggja fagmennsku í öllu því sem að við tökum okkur fyrir hendur og að ákvarðanir taki mið af gildi bankans.

Við leggjum áherslu á að starfa í sátt við samfélagið meðal annars með því að huga að umhverfi, félagslegum þáttum og góðum stjórnarháttum í starfsemi bankans. Framtakssjóðir í rekstri Kviku og dótturfélaga eru áhrifafjárfestar sem leggjum áherslu á að styðja stjórnendur með markvissum hætti í að bæta rekstur og árangur félaga í eigu sjóðanna. Kvika hvetur félögin til að sýna samfélagslega ábyrgð, tileinka sér góða viðskipta- og stjórnarhætti, gæta að fjölbreytni í stjórnun og huga að umhverfismálum. Þá ætlum við vera leiðandi í framboði á sjálfbærum fjárfestingarkostum til viðskiptavina.

Haustið 2020 varð Kvika og dótturfélög meðlimir að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI) sem eru sjálfstæð samtök um ábyrgar fjárfestingar. Með aðildinni skuldbindum við okkur til að fara að sex meginreglum UN PRI sem hafa það að markmiði að stuðla að sjálfbærri langtímahugsun. Kvika er jafnframt stofnaðili að IcelandSIF, samtaka um ábyrgar fjárfestingar, sem stuðla að aukinni þekkingu fjárfesta á aðferðarfræði sjálfbærra og ábygrgra fjárfestinga.

SAMFÉLAGIÐ

Hagsæld framtíðarinnar grundvallast á menntun og teljum við menntun eina bestu langtímafjárfestingu sem einstaklingar og samfélög geta ráðist í. Að okkar mati verða samfélög sem drifin eru áfram af hugviti og nýsköpun leiðandi á komandi árum og menntun því einn af hornsteinum samfélagsins og mikilvægur hlekkur í því að stuðla að sjálfbærni. Þá teljum við menntun grundvallaratriði í réttindabaráttu kvenna, við verndun barna gegn barnavinnu og kynferðislegri misnotkun, til eflingar mannréttindum og lýðræði og til að stuðla að umhverfisvernd. Vegna þessa höfum við sett sérstaka áherslu á að styðja við menntamál, m.a. í gegnum Hvatningarsjóð Kviku.

Við gerum okkur grein fyrir því að bankinn getur haft einna mest áhrif á samfélagið með því að beita sér á þeim sviðum sem tengjast starfsemi bankans. Því er einnig lögð sérstök áhersla á að hafa jákvæð áhrif á uppbyggingu og virkni fjármálamarkaða. Við vinnum í því sambandi að því að leita leiða til að virkja betur fjárfesta hér á landi með þróun fjölbreyttari fjárfestingarkosta fyrir þá sem nú þegar eiga hlut að verðbréfamörkuðum, sem og nýja fjárfesta. Þá viljum við taka virkan þátt í umræðu um fjármálamarkaði. Kvika hefur meðal annars síðan 2017 verið meðlimur að Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð, sem hvetur til samstarfs og aðgerða á sviði samfélagsábyrgðar.

Auk framangreindra aðaláherslna viljum við styðja við ýmis önnur mál sem stuðla að jákvæðri samfélagsþróun í forni samstarfs og minni styrkveitinga.

MANNAUÐUR

Við viljum að bankinn sé eftirsóknarverður vinnustaður þar sem allt starfsfólk hefur jöfn tækifæri. Vinnuumhverfi okkar einkennist af sveigjanleika, góðri stjórnun, samvinnu og liðsheild, frumkvæði starfsfólks, jöfnum tækifærum, trausti og heilsusamlegu og jákvæðu umhverfi.

Kvika hefur sett sér jafnréttisstefnu þar sem fram kemur að við ákvörðun launa skuli tryggja að ekki sé mismunað eftir kynferði, kynþætti, þjóðerni, trú, aldri eða öðrum ómálefnalegum þáttum. Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu þau njóta sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf. Í framhaldi af því hefur Kvika komið upp, skjalfest og innleitt jafnlaunakerfi og stefnir að jafnlaunavottun fyrir lok árs 2020.

Við leggjum áherslu á að tryggja fagmennsku í öllu því sem að við tökum okkur fyrir hendur og að allar ákvarðanir taki mið af gildi bankans um langtímahugsun.

UMHVERFIÐ

Við leggjum áherslu á að lágmarka þau neikvæðu áhrif sem starfsemi bankans kann að hafa á umhverfið, meðal annars með því að draga úr gróðurhúsalofttegundum eins og frekast er kostur.

Við beitum ýmsum úrræðum til að spara orku í starfsstöðvum bankans, takmarka óþarfa prentun og við endurvinnslu. Við hvetjum starfsmenn til að nýta sér vistvænan samgöngumáta og til að nýta fjarfundabúnað í stað ferðalaga eins mikið og kostur er. Þá kolefnisjöfnum við flugferðir starfsmanna.

Haustið 2020 innleiddi Kvika stafræna hugbúnaðarlausn fyrir umhverfisstjórnun. Hugbúnaðurinn gerir okkur kleift að fylgjast heildstætt með umhverfisáhrifum starfseminnar og útbúa og birta áreiðanleg umhverfisuppgjör, sem lið í markvissum aðgerðum okkar til að stuðla að sjálfbærni.